

Víðimelur 80 / Kaplaskjólsvegur 2
Deiliskipulag samþykkt í Borgarráði 13. maí 2003

Lóðarmörkum breytt, að öðru leyti voru skilmálar óbreyttir:

Landnotkun samkvæmt aðalskipulagi 1996-2016 er íbúðarbyggð og grænt svæði. Húsið var byggt árið 1906. Það hefur staðið að mestu óbreytt að ytra byrði til þessa dags. Í umsögn Árbæjarsafns 21.9.1999 segir: "Varðveislagið þessa húss felst í því hversu upprunalegt það er og að það er eini vitnisburðurinn um elstu byggðina á þessu svæði (þ.e. sunnan Hringbrautar) sem enn stendur."


Akveðið hefur verið að marka húsinu lóði. Lóðin verður tæplega 280 m². Gert er ráð fyrir að húsið standi sem næst óbreytt, en leyfa má smávægilegar breytingar á því innan byggingarreits, í samræmi við byggingarstíl þess. Húsið er háð þjóðminjalögum um breytingar. Kvöld verði um að húsið verði gert upp og varðveitti í samráði við Borgarskipulag og borgarminjavörð. Kvöld verði um að húsið verði ekki rifið og ekki byggt annað hús á lóðinni. Ef húsið eyðileggst má endurbryggja það, en ekki bygga annað hús. Heimilt er að koma fyrir einu bílastæði á lóði.



Víðimelur 80 / Kaplaskjólsvegur 2



Vesturvallagata 10-12



Hringbraut 116-118



Deiliskipulagsbreyting

Afmörkun svæðis

Deiliskipulagsreiturinn markast af Meistaravöllum, Hringbraut, Víðimelur og lóðarmörkum Meistaravalla 5-7.

Lýsing svæðis, númerandi ástand

Á reitnum stendur gamalt hús, Víðimelur 80 (Kaplaskjólsvegur 2), byggt árið 1906. Árið 2000 var samþykkt deiliskipulag þar sem húsinu var afmörkuð lóði. Kvöld er um að húsið verði gert upp og varðveitt, en húsið er háð þjóðminjalögum um breytingar vegna aldurs. Afmörkun lóðaninnar var breytt 2003, en skilmálar eru að öðru leyti óbreyttir. Lóð Meistaravalla 5-7 að stærð. Á reitnum norðan hússins er opíð svæði. Lóð Meistaravalla 5-7 var stækkuð inn á svæðið, þannig að 5 metra breið spilda er milli hennar og lóðar Víðimels 80. Á lóð Vesturbæjarskóla standa tvö parhús, timburhús byggð á 4. áratug 20. aldar, Hringbraut 116-118 og Vesturvallagata 10-12. Þau eru hluti af byggð þeiri sem kölluð hefur verið "Jóhannstún", en húsin voru byggð af Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur. Lóð Vesturbæjarskóla er fremur lítl og hafa skólayfirvöld farið fram að skoðað yrði hvort flyja megi annað eða baði húsin af lóðinni. Þau eru í notkun, en hugmyndir hafa verið um að byggja við Vesturbæjarskóla á norðurhluta lóðaninnar undir þá starfsemi sem er í húsum. Það myndi nýtast skólanum betur, yrði innangengt úr honum og myndar skjól fyrir norðanáttinni. Því er lagt til að parhúsunum tveimur verði markaðar lóðir að þessum reit og þau verði flutt þangað. Munu þau þá standa andspenis sams konar húsum við Hringbraut og verða áfram hluti af "Jóhannstún". Í gegnum reitinn liggur holrasí sem gert er ráð fyrir að fáa til, en færslan mun auka kostnað við lóðimar talsvert.

Tillaga

Lagt er til að opna svæðinu verði breytt í 4 flutningshúsalóðir. Á lóðunum er gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir húsin Hringbraut 116-118 og Vesturvallagötu 10-12. Inngangar í húsin verða frá aðkomu "götu" sem liggur frá Meistaravöllum. Gata þessi verður eins konar vistgata, fyrir gangandi sem akandi og tengir gangandi umferð að Víðimel. Meðfram aðkomugötunni er gert ráð fyrir gróðurbeði sem skilur bílastæði Meistaravalla 5-7 frá aðkomugötunni. Ekki er gert ráð fyrir gegnumakstri að Víðimel og er lagt til að prengja "götuna" syðst þannig að hún verður göngustígur á kaflanum meðfram Víðimel 80. Meðfram Hringbraut er gert ráð fyrir að steypur verði veggur, 1,20 m að hæð, en það mun bæta hljóðvist í góðum. Auk þess er gert ráð fyrir þarföldu gleri í þeim gluggum sem snúa að umferðargötum. Ekki er gert ráð fyrir að breytla húsum frá númerandi ástandi, nema til þess að lagfæra síðari tíma breytingar og fáa þau i upprunalegt horf. Gert er ráð fyrir útitróppum utan byggingarreita og skulu þær útfærðar í samræmi við byggingarstíl hússins, á sem næst upprunalegan hátt, þó er hugсанlegt að breikka þær. Einnig er heimilt að byggja sólpála utan við byggingarreiti, en pallar og skjólvægir skulu byggð þannig að fullt tillit sé tekið til byggingarstils og stærðarhlutfalla hússanna.

Skilmálar


Flutningshús: Tvö parhús flutt frá Hringbraut 116-118 og Vesturvallagötu 10-12. Kjallari er 12,4-8,10 m að utanmáli. Gólfhæð fyrstu hæðar skal vera í 70-80 cm hæð fyrir jarðvegi. Heimilt er að byggja fulla lofthæð í kjallara, en það er breyting frá númerandi kjallara, þar sem lofthæðin er aðeins 2 metrar. Útitróppur verða utan byggingarreita, að mestu leyti byggðar eins og upprunalegar tróppur, en heimilt er að breikka þær, í samráði við byggingaryfirvöld. Handrið skal vera í samræmi við byggingarstíl hússanna og falla vel að þeim. Gera skal húsin uppi í samræmi við upprunalegt útit þeirra.

Víðimelur 80: Húsið skal varðveitt og gilda skilmálar þar að lútandi áfram, en heimilt verður að byggja við það innan byggingarreits og byggja á það kvisti í samræmi við byggingarstíl þess.

Garðveggir: Kvöld er um að reisa steypa garðveggi að Hringbraut. Skal yfirborð þeirra vera í samræmi við sökkul íbúðarhússanna. Hæð vegga 1,10-1,20 m yfir jarðvegi. Heimilt er að giðra lóðir af í samráði við byggingaryfirvöld og nágranna aðliggjandi lóða, en giðingar mega ekki fáa hærri en 1,20 m að lóðarmörkum.

Skiðóveggir mega ekki fáa yfir 1,50 m og skulu falla vel að húsum og lóði.

Hljóðvist: Hljóðvist hússanna skal bætt um leið og þau verða flutt á nyjar lóðir. Með tvöföldu eða þarföldu gleri, þéttigung, hljóðdeyfum hljóðrásum og þéttigung útveggja skal tryggt að hljóðstig innan dyra með lokadóla glugga verði ekki hærra en 30 dB (A). Endurbætur þessar skulu útfærðar þannig að útilit hússanna verði óbreytt.



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

byggingarreitir

hús

umferðarkvöð

afmörkun deiliskipulags

Fylgigagn með deiliskipulagi:

- Umsögn Umhverfissviðs um hljóðvist dags. 17. janúar 2007 og 24. maí 2007.
- Áltísgerð Framkvæmdasviðs um hljóðvist mótt. 9. janúar 2007
- Minnisblað LH dags. 13. mars 2007 og hljóðmaelingar (ISO 140-5).
- Greinargerð Trivium ráðgjöf dags. 23. April 2007.
- Dæmi Trivium um útfærslu útveggja 23. april 2007.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur með-

feri í samræmi við ákvæði 25. gr. skiplags-

og byggingarlagi nr. 73/1997 var samþykkt i

skipulagsráði

þann 12. juli 2007

og í BORGARRÁÐI

þann 24. desist 2007

Tillagan sem var auglýst frá 10. maí 2007

með athugasemda fresti til 21. júní 2007

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann 200_

R. Þorláksson

KAPLASKJÓL

Breyting á deiliskipulagi Víðimels 80 (Kaplaskjólsvegar 2) og opins svæðis að Meistaravöllum 1-3

Fjórða flutningslöðir fyrir parhús

Reitur 1.523.0 (hluti)

dags. 3. mars 2006, breytt 15. september 2000 og 20. Júní 2007
að lokinni auglýsingu vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun
varðandi hljóðvist.

mkv. 1:1000

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur
Margrét Þormar